

125. löggjafarþing 1999–2000.  
Þskj. 562 — 312. mál.

## Tillaga til þingsályktunar

um skipan nefndar til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok.

Flm.: Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson, Vilhjálmur Egilsson,  
Árni R. Arnason, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Gunnar Birgisson,  
Drífa Hjartardóttir, Ásta Möller, Katrín Fjeldsted, Arnbjörg Sveinsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að móta tillögur um sveigjanleg starfslok.

### Greinargerð.

Ályktun sama efnis var samþykkt á Alþingi 13. apríl 1989. Þáverandi forsætisráðherra skipaði nefnd 22. apríl 1989 til framgangs málinu. Hún kom saman til fundar 13. júní 1991 og lagði á ráðin um gagnaöflun fyrir nefndarstarfið. Nokkrum gögnum var safnað en fundir nefndarinnar urðu ekki fleiri og engu álitni var skilað.

Flutningsmenn telja mikilvægi málsins ekki síðra nú en þá.